

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR

2012 - 2024

BREYTING VEGNA FLUTNINGSLÍNA RAFORKU

TILLAGA - DESEMBER 2019



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

© Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2019

© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2019

Ljósmynd á forsíðu:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr greinargerð þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða greinargerðarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1	Drög að stefnu um flutningslínur í SSEY	4
1.1	Viðfangsefni	4
2	Breyting	6
2.1	Gildandi stefna um flutningsleiðir raforku	6
2.2	Breytt stefna – drög/tillaga	6
2.2.1	Markmið	6
3	Samantekt umhverfisskýrslu.....	8
4	Kynning, auglýsing og samþykkt	11
4.1	Málsmeðferð	11
4.1.1	Kynning	11
4.1.2	Auglýsing.....	11
4.2	Afgreiðsla og staðfesting	11
4.2.1	Athugasemdir og afgreiðsla þeirra	11
4.2.2	Breytingar á tillögu eftir auglýsingu.....	11
4.2.3	Afgreiðsla svæðisskipulagsnefndar	11
4.2.4	Samþykkt sveitarstjórna	12
4.2.5	Staðfesting	13

1 DRÖG AÐ STEFNU UM FLUTNINGSLÍNUR Í SSEY

1.1 VIÐFANGSEFNI

Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 var staðfest af Skipulagsstofnun 21. janúar 2014 og var gildistaka þess auglýst 4. febrúar sama ár. Ekki voru forsendur á því stigi til þess að ganga frá legu flutningslína raforku í skipulaginu. Í skipulaginu er ákvæði um að þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu flutningslína auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024.

Sjö sveitarfélög eru aðilar að svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Það eru Akureyri, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur. Sveitarfélögin tilnefna nefndarmenn í svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar en Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar er nefndinni til aðstoðar við daglega umsýslu.

Stefna um flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu er hluti svæðisskipulagsins. Nú stendur fyrir dyrum endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu með 220 kV flutningslínunum, Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Línuleiðin liggur frá Öxnadalshéiði til Akureyrar, þaðan austur Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit. Fyrir liggja ákvarðanir um gerð og legu Hólasandslínu 3 í aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar svo og mat á umhverfisáhrifum hennar. Verður hún lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit og sem loftlína þaðan og austur.

Lýsing fyrirhugaðrar skipulagsbreytingar var auglýst og send umsagnaraðilum í mars 2018. Að fengnum umsögnum og ábendingum var settur á fót starfhópur svæðisskipulagsnefndar sem sá um að vinna drög að breytttri stefnu svæðisskipulagsins um flutningslínur raforku, sem að mestu leyti fjölluðu um Blöndulínu 3 þar sem forsendur fyrir Hólasandslínu 3 voru þegar ákveðnar í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Drögin voru lögð fyrir svæðisskipulagsnefnd vorið 2019 og gekk nefndin frá þeim til frekari kynningar.

Drög að breytingu á svæðisskipulagi voru send umsagnaraðilum og aðliggjandi sveitarfélögum til umsagnar í júní 2019. Almennur kynningarfundur var haldinn 6. júní 2019 í Hlíðarbæ í Hörgársveit.

Ljóst er að ágreiningur er um **Blöndulínu 3**, leið hennar og útfærslu um Öxnadal og Hörgárdal. Framkvæmdaaðili, Landsnet, hefur hafið vinnu við mat á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Staðarvalsgreining umhverfismatsins verður unnin í samráði við heimamenn og sveitarstjórnir. Svæðisskipulagsnefnd metur stöðu málsins þannig að forsendur til þess að leggja mat á skipulagskosti vegna Blöndulínu 3 og ákvarða endanlega legu hennar og gerð muni ekki liggja fyrir fyrr en mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar verður lokið. Í svæðisskipulagi er sett stefna og markmið um sameiginlega hagsmuni sveitarfélaganna á svæðinu en það er ekki tilgangur með gerð svæðisskipulags að ákvarða nákvæmlega legu og útfærslu mannvirkja. Þess vegna verður sett stefna í svæðisskipulagi að gera skuli ráð fyrir Blöndulínu 3 en legu og útfærslu vísað á lægri skipulagsstig (aðalskipulag sveitarfélaga og deiliskipulag).

Nákvæmni svæðisskipulags um flutningslínur austan Akureyrar, **Hólasandslínu 3**, byggist á umhverfismati og staðfestum skipulagsáætlunum og er línuleið lýst og hún sýnd á skýringaruppdraetti í samræmi við það.

Þar sem lagning flutningslína raforku af þessari gerð er háð lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 fellur breyting á svæðisskipulaginu undir lög um umhverfismat áætлана nr. 105/2006. Megintilgangur með umhverfismati áætlunarinnar er að tryggja að tekið verði tillit til umhverfis-sjónarmiða við gerð hennar.

Hér er lögð fram tillaga að breytingu á stefnu svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 (SSEY) um flutningslínur raforku. Breytt stefna er áréttning þeirrar stefnu, sem sett var fram í svæðisskipulaginu á sínum tíma en nokkuð ítarlegri. Hún er í tveimur meginliðum og er sett fram í 2. kafla.

- Annars vegar er stefna um að tryggja flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta. Þar eru ákvæði um legu og útfærslu Hólasandslínu 3 og ákvæði um að útfærsla og lega Blöndulínu 3 verði skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaga á grundvelli valkostagreiningar og mats á umhverfisáhrifum, sem unnið verði í samráði við heimamenn og sveitarstjórnir. Þar sem leiðavali og útfærslu er vísað á aðalskipulagsstig verður ekki þörf á að breyta svæðisskipulagi til samræmis svo fremi sem meginatriði stefnunnar um tryggar flutningsleiðir raforku verði uppfyllt.
- Hins vegar er stefna um legu og gerð m.t.t. umhverfis, flugöryggis og verndun góðs landbúnaðarlands.

Í umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar.

2 BREYTING

2.1 GILDANDI STEFNA UM FLUTNINGSLEIÐIR RAFORKU

Í gildandi svæðisskipulagi Eyjafjarðar eru eftirfarandi markmið í kafla 3.4.4:

- Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.
- Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Fyrir liggja drög að legu nýrra flutningslína (132 kV og hærri spennu). Unnið er að stefnumótun á landsvísu um kosti við gerð flutningslína raforku og áhættugreiningu m.t.t. flugöryggis á Akureyrarflugvelli. Stefnt er að því að flutningsleiðir raforku með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu þeirra og gerð í svæðisskipulaginu í heild. Þegar tillögur og skipulagskostir liggja fyrir skulu þeir metnir með hliðsjón af áhrifum á samfélag og umhverfi og tillaga um gerð og legu auglýst sem breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Skilgreindar flutningsleiðir raforku í gildandi aðalskipulagi hvers sveitarfélags halda gildi sínu þar til ákvörðun er tekin um breytingar.

Núverandi flutningslínur raforku eru sýndar á uppdrætti 3.4 [þ.e. í greinargerð svæðisskipulagsins].

2.2 BREYTT STEFNA – DRÖG/TILLAGA


2.2.1 MARKMIÐ

- Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.
 - Í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga skal gera ráð fyrir Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3.
 - Hólasandslína 3, ný flutningslína með 220 kV spennu eða hærri, mun liggja frá Akureyri austur yfir Hólmana í Eyjafirði og yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal.
 - Lega og útfærsla Blöndulínu 3, nýrrar flutningslínu með 220 kV spennu eða hærri milli Blöndustöðvar og Akureyrar, verður byggð á valkostagreiningu og umhverfismati sem framkvæmdaaðili (Landsnet) mun vinna í samráði við heimamenn, landeigendur og sveitarstjórnir. Lega og útfærsla verður ekki skilgreind nánar í svæðisskipulagi Eyjafjarðar heldur í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.
- Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.
 - Tekið skal mið af þingsályktunum um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sem samþykktar voru á Alþingi 28. maí 2015 (nr. 11/144) og 11. júní 2018 (nr. 26/248).
 - Vegna nálægðar við þéttbýli á Akureyri, línuleiðar um Hólma Eyjafjarðarár, sem eru á náttúruminjasrá, og nálægðar við Akureyrarflugvöll skal gera ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit.

- Nýta skal þá möguleika sem kostur er á m.t.t. tæknilegra og efnahagslegra forsendna til þess að leggja hluta Blöndulínu 3 sem jarðstreng t.d. vegna þrengsla við núverandi byggð og býli og/eða vegna skilgreindrar náttúruverndar þar sem það á við.
- Til þess að tryggja hámarksöryggi við Akureyrarflugvöll skal Kröflulína 1 (núverandi 132 kV loftlína) lögð í jörð sunnan flugvallarins á skipulagstímabilinu og Laxárlína (66 kV loftlína) lögð af þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun.
- Til mótvægis við nýjar flutningslínur skal áfram unnið að breytingum á núverandi flutningslínunum og dreifikerfi raforku, m.a. með því að leggja línur í jörð.

Á lægri skipulagsstigum og í hönnun, sem byggjast mun á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, verður gerð og lega Blöndulínu 3 ákvörðuð endanlega og auk þess gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum, sem m.a. geta falist í breytingum á núverandi flutningslínunum og dreifikerfi raforku.

Mynd 1 er yfirlitsmynd, skýringaruppdráttur, sem sýnir núverandi 132 kV flutningslínur, endapunkta Blöndulínu 3 á táknrænan hátt og legu Hólasandslínu 3 (loftlínu og jarðstrengs).



Mynd 1 Skýringaruppdráttur; núverandi 132 kV flutningslínur, endapunktur Blöndulínu 3 og Hólasandslína 3 (loftlína og jarðstrengur).

3 SAMANTEKT UMHVERFISSKÝRSLU

Ákvæði um flutningslínur raforku í svæðisskipulagi eiga við framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar með heyrir breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, þar sem kafli um flutningslínur raforku er endurskoðaður, undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 2015/2006. Umhverfisskýrsla, þar sem gerð er grein fyrir mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, er hluti skipulagstillögunnar og fylgiskjal með tillögu þessari um breytingu á svæðisskipulaginu.

VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni umhverfisskýrslunnar er mat á breytingu á stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 um flutningslínur raforku, þ.e. endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu; Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Gert er ráð fyrir að þær verði 220 kV línur, að mestu loftlínur og að hluta jarðstrengir. Innan marka svæðisskipulagsins liggur línuleiðin frá Öxnadalshéiði til Akureyrar, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit.

Fyrir liggja skipulagsforsendur um legu og útfærslu Hólasandslínu 3 í staðfestu aðalskipulagi Akureyrar og aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar. Þar er gert ráð fyrir að línan verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Eyjafjarðarsveit en þaðan sem loftlína austur yfir Vaðlaheiði. Áhrif Hólasandslínu 3 á umhverfið hafa verið metin og liggur fyrir matsskýrsla Landsnets frá mars 2019. Einnig liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um matið, dagsett 19. september 2019. Þar sem mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir er ekki gerð frekari grein fyrir valkostum eða ætluðum umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 í umhverfisskýrslunni.

Fyrir liggur að umhverfisáhrif Blöndulínu 3 verða metin í samhengi við valkostagreiningu, sem unnin verður í samvinnu við heimamenn, landeigendur og sveitarstjórnir. Á grunni þeirrar vinnu verður gerð og lega Blöndulínu 3 ákveðin í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Ekki þarf að uppfæra eða breyta svæðisskipulagi vegna endanlegrar ákvörðunar um línuleið á aðalskipulagsstigi svo fremi sem hún verður í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um að Blöndulína 3 verði lögð milli tiltekinna endapunkta innan skipulagssvæðisins. Umhverfismat áætlunar og staðarvalsgreining verður því ekki unnin á svæðisskipulagsstigi.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í 2. kafla umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir þeim ákvæðum, áætlunum og stefnuþlögum sem máli skipta og samhengi skipulagstillögunnar við þau.

HELSTU LAGAÁKVÆÐI

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Raforkulög nr. 65/2003

SKIPULAGSÁÆTLANIR

- Landsskipulagsstefna
- Aðalskipulag sveitarfélaga

LANDSÁÆTLANIR

- Kerfisáætlun 2018-2027

NÁTTÚRUVERN

- Náttúruminjaskrá
- Aðalskipulag sveitarfélaga

STEFNA STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA

- Þingsályktanir um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.
- Stjórnarsáttmáli 2017

AÐRAR ÁÆTLANIR

- Orkustefna fyrir Ísland
- Sóknaráætlun Norðurlands Eystra 2015-2019
- Ályktun Eypings 2017
- Bókun bæjarstjórnar Akureyrar 18. júní 2019

ÖNNUR GÖGN

- Öryggismál Akureyrarflugvallar

Lagning flutningslínanna er í samræmi við markmið raforkulaga og landsskipulagsstefnu um örugga afhendingu orku, stefnu um mannvirki í sátt við náttúru og umhverfi, hagkvæmni uppbyggingar og hagsmuni neytenda. Hólasandslína 3 er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar en ákvörðun um gerð og legu Blöndulínu 3 þarf að staðfesta í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Áætlunin er unnin í samræmi við ályktanir Alþingis um lagningu raflína, Kerfisáætlun 2018-2027, sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 og ályktun Eypings 2017.

NIÐURSTAÐA

Helstu áhrif **Hólasandslínu 3** á umhverfið:

Í Eyjafirði er framkvæmdin talin hafa mest áhrif á gróður, eða talsvert neikvæð. Hún kemur til með að raska um 19 ha lands, þar af 2,4 ha votlendis sem nýtur verndar og um 4 ha af vistgerðum með mjög hátt verndargildi. Með vönduðum frágangi ætti að vera hægt að endurheimta gróður á stórum hluta þess svæðis sem raskast við lagningu jarðstrengs.¹

Blöndulína 3 mun hafa áhrif á umhverfi sitt. Loftlínur munu sjást og hafa áhrif á yfirbragð landsins hvar sem þær verða. Mastraplön, vegslóðar og efnistökusvæði hafa staðbundin áhrif á umhverfið, jarðmyndanir, landslag, dýralíf og gróður. Lagning jarðstrengja hefur tímabundin áhrif á umhverfið en gæti við bestu aðstæður falið í sér óveruleg eða engin áhrif á umhverfið til lengri tíma. Nokkrir línukostir, sem skoðaðir verða, liggja um skilgreind náttúruverndarsvæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Afstaða línukosta til núverandi þjónustukerfa er mismunandi. Enginn línukostur Blöndulínu 3 hefur áhrif á öryggi Akureyrarflugvallar. Línuleiðir liggja um byggðar sveitir og munu hafa áhrif á nálæg býli.

¹ Landsnet, Efla verkfræðistofa. Mars 2019. Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla.

VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í hönnun og við leyfisveitingar verða vöktunaráætlanir skilgreindar. Þær eru ekki hluti svæðisskipulagsákvæða.

Í breyttu svæðisskipulagi er sett fram stefna um mótvægisáðgerðir. Þar er m.a. stefnt að því að flýta lagningu flutningslína með lægri spennu (66 kV) í jörð og fækka þar með sýnilegum háspennulínunum í sveitinni sem mótvægi við lagningu Blöndulínu 3. Þær línur eru í eigu RARIK. Einnig er lagt til að stefnt verði að því að Rangárvallalína 1 (Byggðalína) verði lögð í jörðu eftir því sem aðstæður og tæknilegar forsendur leyfa.

Mótvægisáðgerðir verða mótaðar og skilgreindar í hönnunarferli í samhengi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

4 KYNNING, AUGLÝSING OG SAMÞYKKT

4.1 MÁLSMEÐFERÐ

4.1.1 KYNNING

- Lýsing var auglýst og send umsagnaraðilum í mars 2018.
- Drög að breyttu svæðisskipulagi voru send umsagnaraðilum og sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga í júní 2019.
- Almennur kynningarfundur var haldinn í Hlíðarbæ, Hörgársveit, 6. júní 2019.
- Gengið frá tillögu með hliðsjón af framkomnum umsögnum og ábendingum haustið 2019

4.1.2 AUGLÝSING

- Samþykkt sveitarstjórna um að auglýsa tillöguna:

o Grýtubakkahreppur	11. nóv. 2019
o Eyjafjarðarsveit	14. nóv. 2019
o Akureyrarbær	19. nóv. 2019
o Fjallabyggð	21. nóv. 2019
o Dalvíkurbyggð	29. nóv. 2019
o Svalbarðsstrandarhreppur	3. des. 2019
o Hörgársveit	16. des. 2019
- Yfirferð Skipulagsstofnunar. Heimild til auglýsingar 15. janúar 2020.

Fyllt í eftir framvindu

4.2 AFGREIÐSLA OG STAÐFESTING

4.2.1 ATHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA ÞEIRRA

Fyllt í eftir framvindu

4.2.2 BREYTINGAR Á TILLÖGU EFTIR AUGLÝSINGU

Fyllt í eftir framvindu

4.2.3 AFGREIÐSLA SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR

Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, sem auglýst var skv. 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lá frammi til kynningar frá _____ til _____ var afgreitt af svæðisskipulagsnefnd _____.

formaður svæðisskipulagsnefndar

4.2.4 SAMÞYKKT SVEITARSTJÓRNA

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar _____.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar _____.

F.h Fjallabyggðar

Samþykkt í umhverfisráði Dalvíkurbyggðar _____.

Samþykkt í sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar _____.

F.h. Dalvíkurbyggðar

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Hörgársveitar _____.

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar _____.

F.h Hörgársveitar

Samþykkt í skipulagsnefnd Akureyrarbæjar _____.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar _____.

F.h Akureyrarbæjar

Samþykkt í skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar _____.

Samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar _____.

F.h Eyjafjarðarsveitar

Samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps _____.

F.h Svalbarðsstrandarhrepps

Samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps _____.

F.h Grýtubakkahrepps

4.2.5 STAÐFESTING

Svæðisskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun

Gildistaka breytingar á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 var
auglýst í B-deild Stjórnartíðinda
